

sannfærðir um, að skýrsla verzlunarstjórans og vottorð skipstjórans væri rjett, þó að þjer ekki hefðuð sjeð yður fært að láta tollinn ókrafinn, eins og tollskráin lá fyrir.

65  
30. maí.

Útaf þessu skal jeg, jafnframt því að vísa yður, til leiðbeiningar í samskonar tilfellum eptirleiðis, til brjefs landshöfðingja 11. nóv. 1881, sem prentað er í Stjórnartíðindunum 1881, B. 156, en þar er það tekið fram, að þó að vínfanga þeirra, sem ætluð eru skipverjum, sje vanalega getið sem slíkra á vöruskránni eða tollskránni, þá gjöri þó 2. gr. tilsk. 26. febr. 1872 það eigi að skilyrði fyrir því, að skipsforðinn sje undanþeginn tolli, að hann sje berum orðum talinn í tollskránni — þjónustusamlega geta þess, hvað beiðni þá snertir, er hjer liggur fyrir, að einsog þjer eruð sannfærðir um, að skýrsla verzlunarstjórans og vottorð skipstjóra sje rjett, eins ber tollskráin, sem hingað hefur verið send með tollreikningnum fyrir f. á., það með sjer, að ekkert brennivín hefur samkvæmt henni verið ætlað skipverjum til neyzlu, og verð jeg því að vera því samþykkur, að þjer endurgjaldið verzlunarstjóranum upphæð þá, sem hann hefur greitt í toll af þeim 39 pottum brennivíns, sem að ofan er getið.

### Reikningságrip

66

Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1883.

	Tekjur:	kr. a.
1. Eptirstöðvar við árslok 1882 (Stjórnartíð. 1883, B 132) . . . . .		66622 60
2. Leigur af vaxtafje sjóðsins . . . . .		2513 69
3. Borgað af lánnum einstakra manna . . . . .		170 15
4. Ný skuldabrfef gegn fasteignarveði . . . . .		500 »
	Tekjur alls	69806 44

	Gjöld:	kr. a.
1. Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur veittur fátækum börnum í Kjalarnesþingi . . . . .		2505 »
2. Lánað út á árinu . . . . .		500 »
3. Til jafnaðar móti 3. tekjulið . . . . .		170 15
4. Eptirstöðvar við árslok 1883:	kr. a.	
a. Ríkisskuldabrfef . . . . .	29190 »	
b. Skuldabrfef einstakra manna . . . . .	37022 66	
c. Óborgaðir vextir . . . . .	19 »	
d. Í peningum . . . . .	399 63	66631 29
	Gjöld alls:	69806 44

Stiptyfirvöldin yfir Íslandi, Reykjavík 7. marz 1884.

*Magnús Stephensen. P. Pjetursson.*  
settur.

### Reikningságrip

67

landsbókasafnsins í Reykjavík árin 1882 og 1883.

1882.

Tekjur:

1. Eptirstöðvar frá fyrra ári:	kr. a.	kr. a.
a. Konungleg óuppsegjanleg skuldabrfef . . . . .	3250 »	
	Flyt: 3250 »	